



## Blakfélagið Álkur fer á Íslandsmót

Síðustu ár hefur blakmenning vaxið hér í Langanesbyggð. Lítill áhugasamur hópur stofnaði Blakfélagið Álkur sem hefur verið starfandi frá árinu 2015. Nú með vaxandi fjölda félagsmanna og auknum áhuga hafa Álkur í fyrsta sinn skráð lið á Íslandsmót neðri deilda sem Blaksamband Ísland heldur ár hvert.

Álkur eru í samstarfi við Ungmennafélag Langanesbyggðar við að efla ungmenni til blakiðkunnar og sporna gegn brottfalli úr íþróttum hjá unglingum og hafa allt að 10 iðkendur frá 13-16 ára tekið þátt í æfingum Álkna. Þau fá einnig tækifæri til að fara á Íslandsmót með Álkum.

Um 100 lið eru skráð á mótið og lágmarks fjöldi í hverju liði eru 9 manns. Keppnishelgarnar eru þrjár á keppnisárinu 2024-2025 og fara keppnirnar fram víðs vegar um landið.

*Keppnishelgar og ferðarkostnaður hjá Álkum er eftirfarandi:*

- 8-10. nóvember 2024 – haldið af UMFL á Laugarvatni.  
áætlaður kostnaður 852.540kr.
- 17-19. janúar 2025 – haldið af Þrótti á Neskaupsstað.  
áætlaður kostnaður 321.576kr.
- 14-16. mars 2025 – haldið af KA á Akureyri.  
áætlaður kostnaður 232.540 kr.

Við óskum eftir aðstoð ykkar við að fjármagna þátttöku á Íslandsmóti. Kostnaður við að taka þátt í svo stóru móti er töluverður en heildarkostnaður með þáttökugjaldi er um 1,5 m. kr.

Hægt er að leggja framlög inn á eftirfarandi reikning **0179-05-003560, kt. 260877-5779** en Vilborg Stefánsdóttir, gjaldkeri Álkna, hefur umsjón með reikningum félagsins. Ef það eru einhverjar spurningar má senda okkur tölvupóst á netfangið [alkurblak@gmail.com](mailto:alkurblak@gmail.com).

Öll framlög, stór og smá, vel þegin. Styrkir verða einungis nýttir í kostnað og keppnisgjöld tengdum Íslandsmótinu.

*Virðingafyllst  
Blakfélagið Álkur,  
Þórshöfn*

